

## 21. gr.

215

10. nív.

Með reglum þessum eru úr gildi numdar:

Reglur um útbúnað á sildveiðiskipum, nr. 22 6. apríl 1938.

Reglur um flutning á benzíni og öðrum eldfimum efnum frá 30. maí 1941 og 21. október 1942.

Reglur um hleðslu og eldneysisforða skipa, er flytja ísvarinn fisk til Bretlands á ófriðartímum, nr. 10 9. janúar 1941.

Reglur um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum, nr. 13 10. febrúar 1943.

Reglur um fólksflutninga á skipum, sem ekki eru farþegaskip, nr. 46 13. marz 1943.

Auglýsing um breyting á reglum frá 10. febrúar 1943, um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum, frá 15. maí 1943.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Vigfús Einarsson.*

## SAMPYKKT

216

27. nív.

um breyting á samþykkt nr. 94 6. nóvember 1929, um sýsluvegasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr. orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

### I. flokkur.

1. **Hrútafjarðarvegur:** af þjóðvegi fyrir ofan Reykjastapa að Mýrum.
2. **Heggstaðavegur:** af þjóðvegi við Miðfjarðarbrú að Söndum.
3. **Vesturárdalsvegur:** af þjóðvegi við Vesturárbrú um Kollafoss yfir Hrútafjarðarháls á þjóðveg hjá Brandagili.
4. **Austursíðuvegur:** af þjóðvegi hjá Saurum fram Austursíðu, um brú á Urriðaá og væntanlega brú á Austurá, að Hnausakoti.
5. **Núpsdalsvegur:** af þjóðvegi hjá Litlutungu fram Núpsdal að Efra-Núpi.
6. **Fitjárdalsvegur:** af þjóðvegi fyrir sunnan Stórhól um Hrísa að Fremri-Fitjum.
7. **Víðidalsvegur:** af þjóðvegi hjá Deildarhól um brú á Fitjá og væntanlega brú á Víðidalsá að Hrappsstöðum.
8. **Vatnsnesvegur:** af þjóðvegi hjá Hvammstanga út Vatnsnes um brú á Hamarsá og væntanlega brú á Tjarnará að Hindisvík.
9. **Ásabæjavegur:** af þjóðvegi í Vesturhópi fyrir vestan Reyðarlæk um Litlu-Borgarkatla að Stóru-Borg.

### II. flokkur.

1. **Ásgeirsárvegur:** af þjóðvegi hjá Lækjamóti að Stóru-Ásgeirsá.
2. **Breiðabólstaðarvegur:** af þjóðvegi sunnan Grundarar að Breiðabólstað.
3. **Dalavegur:** af sýsluvegi hjá Tjörn um Tungu fram á móts við Ásbjarnarstaði.
4. **Hlíðardalsvegur:** af sýsluvegi sunnan Hamarsár að Hlíð.

216  
27. nóv.

5. Bessastaðavegur: af sýsluvegi hjá Söndum að Bessastöðum.
6. Búrfellsvegur: af þjóðvegi fyrir ofan Staðarbakka um Skarfhól að Búrfelli.
7. Austurárdalsvegur: af sýsluvegi við Hnausakot að Bjargarstöðum.
8. Óspaksstaðavegur: af þjóðvegi austan Hrutafjarðarar að Óspaksstöðum.
9. Síkárvegur: af þjóðvegi hjá Bálkastöðum fram með Síká að Fossi.

Til nýbygginga og viðhalds sýsluvega í II. flokki veitist allt að hálf framlag úr sýsluvegasjóði móti framlagi frá einstaklingum eða sveitarfélögum. Þó má framlag til II. flokks sýsluvega aldrei nema meiru en 10% af heildartekjum sýsluvegasjóðs.

7. gr. orðist svo:

Sýslunefndin hefur á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins og yfirumsjón með vegagerðum og viðhaldi vega og ákveður framlag til nýbygginga hinna einstöku sýsluvega. Sýslunefndinni er skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um legu og gerð veganna og val verkstjóra.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 19. júlí 1933, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Gunnl. E. Briem.*

217  
27. nóv.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði.

Gjöld samkvæmt reglugerð frá 3. júní 1930, um hafnargjöld í Hafnarfirði, skulu frá 1. desember 1943 hækka um 100%.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 30 14. júní 1929, og birtast til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. nóvember 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Gunnl. E. Briem.*

218  
29. nóv.

## AUGLÝSING

um bráðabirgðabreytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur  
12. desember 1940.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt eftirfarandi ákvæði um bráðabirgðabreytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 12. desember 1940:

Kaflinn I. Raforka, breytist svo sem hér fer á eftir:

I. Stafliður A. Lýsing, breytist þannig:

1. Töluliður 2. Seinni setning síðustu málsgreinar: „Þó má selja“ o. s. frv., falli niður.